

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi lóðar við Einhellu 2.*

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 6. mars 2018 var samþykkt að grenndarkynna breytingu á lóðinni við Einhellu 2 í samræmi við 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í að byggingarreitur lóðar er stækkaður. Bætt er við nýrri innkeyrslu að vestanverðu. Nýtingarhlutfall lóðar helst óbreytt. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Erindið var grenndarkynnt frá 22. júní - 20. júlí 2018. Tillagan var send aðliggjandi lóðarhöfum. Samþykki þeirra fyrir breytingunni liggur nú fyrir. Grenndarkynningu er því lokið.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 2. júlí 2018.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.